

Ed.

540. Frumvarp til laga

[281. mál]

um breytingu á lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal útflutningsgjald af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum vera 1.70% af f. o. b. — verðmæti.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Útflutningsgjald skv. 3. tl. 3. gr. skal greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, uns skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann er að fullu greidd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tvennskönar breytingum á núgildandi lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sem miða annars vegar að því að tryggja fjárhagsgrundvöll samtaka grásleppuveiðimanna þannig að þeir geti sinnt þeim verkefnum, sem þeim ber samkvæmt lögum nr. 43 30. apríl 1982 og hins vegar að leysa þann fjárhagsvanda, sem Samtök grásleppuhrognaframleiðenda (S.G.H.F.) eru komin í.

Í 1. gr. frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli um útflutningsgjöld af lagmeti, sem framleidd eru úr grásleppuhrognum. Þrátt fyrir orðalag 1. gr. laga nr. 43 30. apríl 1982, hefur sú grein verið túlkuð þannig, að ekki bæri að greiða útflutningsgjöld af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum, enda mun það ekki hafa verið ætlunin þegar lögín voru samþykkt á Alþingi á sínum tíma. Hins vegar má hér nefna að 1% af f. o. b.-verði lagmetis almennt og þar á meðal af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum, rennur til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins samkvæmt 11. gr. laga nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Þetta skipti ekki svo miklu máli þá er lögín voru samþykkt því þá var heildargrásleppuveiðin yfir 20 þúsund tonn og af því magni fóru aðeins tæpar 2 þúsund tonn til lagmetisvinnslu. En með minnkandi grásleppuafli á tveimur síðustu vertíðum og verulegri aukningu í framleiðslu kaviárs úr grásleppuhrognum hefur þetta leitt til mjög rýrnandi tekna og hefur þetta m. a. valdið að grásleppuveiðimenn geta vart staðið í skilum með greiðslur af iðgjöldum til slysa- og örorkutrygginga skipverja grásleppubáta auk þess sem samtök þeirra hafa ekki nægjanlegt fjármagn til þess að standa undir rekstri samtaka sinna.

Einnig má hér og nefna að það hefur valdið óánægju meðal grásleppuveiðimanna, að þeir aðilar, sem landa afli til lagmetisframleiðslu, greiða því í raun ekkert til hinna sameiginlegu sjóða samkv. 3. gr. laga nr. 43. 30. apríl 1982 um útflutningsgjöld af grásleppuafurðum en þeir, sem landa afli, sem fluttur er út í tunnum gera það hins vegar og standa þannig m. a. undir þeim tryggingum, sem allir grásleppuveiðimenn njóta. Þykir rétt að breyta þessu með þeim hætti, sem hér er lagt til.

Vardandi útflutningsgjald það sem hér er lagt til að greitt verði af lagmeti eða 1.70% af f. o. b.-verði, skal þess getið að það verður breytingum undirorpið, hvort það verði sambærilegt við útflutningsgjöld af grásleppuhrognum í tunnum, þar sem það er undir verðlagi á þessum afurðum komið hverju sinni, en samkvæmt upplýsingum Sölustofnunar

lagmetis er verðmætaaukning hrogna við fullvinnslu kafiars frá 98% upp í 132% miðað við samsetningu vörunnar eftir að erlend aðföng hafa verið dregin frá.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 24% útflutningsgjalds, sem samkvæmt lögnum rennur nú í Fiskveiðasjóð Íslands, verði um sinn greidd inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands til lúkningar á uppsafnaðri skuld S.G.H.F. við þann banka, en um s. l. áramót nam skuld félagsins u. þ. b. 3.3 milljónum króna. Er skuldir félagsins eru að fullu greiddar renni síðan þessi hluti útflutningsgjalds aftur til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Ekki þykir hér ástæða til þess að tíunda orsakir fyrir fjárhagsvanda samtakanna, en nefna má hér söluerfiðleika 1981, óhagstæða gengisþróun og aflabrest 1982 og 1983, sem veigamikla þætti. Ljóst er að hvorki Samtök grásleppuhrognaframleiðenda né einstaklingar innan þeirra samtaka geta staðið undir greiðslu skuldanna og er því hér lagt til að skuldirnar verði greiddar með þeim hluta útflutningsgjalds sem að öðrum kosti rynni til Fiskveiðasjóðs Íslands og hefur bankastjórn Landsbanka Íslands fallist á þessa aðferð til greiðslu skulda Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann. Miðað við meðalafla undanfarinna ára má gera ráð fyrir að skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við Landsbanka Íslands yrði greidd upp á 3—4 árum ef sú leið yrði farin, sem lagt er til í frumvarpi þessu.